

## Verklag varðandi líftölufrávik

- Ef líftala mælist >80.000/ml í tanksýni, þá tekur við eftirfarandi verkferli með vísun í [Reglur um flokkun og verðfellingu mjólkur, reglur nr. 1210 frá 15. des. 2016](http://audhumla.is/media/1/reglugerd-um-flokkun-og-verdfellingar-mjolkur...-12102016.pdf) (linkur á reglurnar: <http://audhumla.is/media/1/reglugerd-um-flokkun-og-verdfellingar-mjolkur...-12102016.pdf>)
  - Gæðaráðgjafi hefur samband við framleiðanda og gerir honum grein fyrir niðurstöðum og verkferli sem fer af stað við þessar kringumstæður.
  - Tanksýni verða tekin til mælinga úr allri mjólk sem framleiðandi ákveður að leggja inn, þar til mæling fæst innan <80.000/ml. Lakasta niðurstaða tanksýna í hverri viku gildir til gæðaflokkunar.
  - Gæðaráðgjafi mun eftir því sem mögulegt er afla aukasýna og upplýsa um niðurstöður þeirra, auk þess að aðstoða við greiningu orsaka líftölufrávika.
  - Sé ekki hægt að koma aukasýni til mælinga hjá RM fyrir næstu skipulögðu tanktæmingu eftir líftölufrávik, þá gildir tanksýni til gæðaflokkunar, það á einnig við ef framleiðandi hefur grun um líftölufrávik. Ekki eru gerðar líftöluælingar utan starfstíma hjá samlögum og RM.
  - RM gefur út staðfesta niðurstöðu á líftölu, önnur tiltæk mælitæki gefa eingöngu leiðbeinandi niðurstöður. Ekki er hægt að staðfesta líftölu utan hefðbundins vinnutíma RM.
  - Framleiðandi er alltaf ábyrgur fyrir gæðum á mjólk sem hann ákveður að leggja inn.
- Skilgreiningar:
  - Tanksýni: Mjólkursýni sem mjólkurbílstjóri tekur úr innlagðri mjólk.
  - Aukasýni: Mjólkursýni sem gæðaráðgjafi tekur vegna líftölufrávika.